

# Hallgrímskirkja

## Aftansöngur

### Aðfangadagskvöld 2020



Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir prédikar og þjónar fyrir altari ásamt  
Sr. Sigurði Árna Þórðarsyni og Kristnýju Rós Gústafsdóttur.  
Mótettukór Hallgrímskirkju, stjórnandi Hörður Áskelsson.  
Organisti er Björn Steinar Sólbergsson.

## Gleðileg jól

### Sálmur

Nóttin var sú ágæt ein,  
í allri veröld ljósið skein,  
það er nú heimsins þrautar mein  
að þekkja' hann ei sem bæri.  
Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri.

Í Betlehem var það barnið fætt,  
sem best hefur andar sárin grætt,  
svo hafa englar um það rætt  
sem endurlausnarinn væri.  
Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri.

Fjármenn hrepptu fögnuð þann,  
þeir fundu bæði Guð og mann,  
í lágan stall var lagður hann,  
þó lausnarinn heimsins væri.  
Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri.

Lofið og dýrð á himnum hátt  
honum með englum syngjum þrátt,  
friður á jörðu og fengin sátt,  
fagni því menn sem bæri.  
Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri.  
*Einar Sigurðsson*

### Introitus og kollekta

Prestur: Sú þjóð, er í myrkri gengur, sér mikið ljós.  
Kór Og þeim er búa í náttmyrkanna landi ljómar fögur birta.  
Prestur: Dýrð sé Guði!  
Kór Dýrð sé Guði, föður, syni og heilögum anda, svo sem hún var frá upphafi er enn og verða mun um aldir alda. Amen.  
Prestur: Drottinn sé með yður. Kór: Og með þínum anda.  
Prestur: Látum oss biðja ... um aldir alda. Kór: Amen.

### Lexía Míka 5.1–3

En þú, Betlehem í Efrata, ein minnsta ættborgin í Júda, frá þér læt ég þann koma er drottna skal í Ísrael. Ævafornt er ætterni hans, frá ómunatíð. Því verður þjóðin yfirgefin þar til sú hefur fætt er fæða skal. Þá munu þeir sem eftir lifa ættmenna hans snúa aftur til Ísraels lýðs. Hann mun standa sem hirðir þeirra í krafti Drottins, í mætti nafns Drottins, Guðs síns, og þeir óhultir verða. Þá munu menn mikla hann allt til endimarka jarðar.

## Sálmur

Það aldin út er sprungið  
og ilmar sólu mót,  
sem fyrr var fagurt sungið  
af fríðri Jesse rót.  
Og blómstrið það á þrótt  
að veita vor og yndi  
um vetrar miðja nótt.

Þú ljúfa liljurósín,  
sem lífgar helið kalt  
og kveikir kærleiksljósin  
og krýnir lífið allt.  
Ó, Guð og maður, greið  
oss veg frá öllu illu  
svo yfirvinnnum deyð.

*Texti: Matthías Jochumsson, lag frá 15. öld í útsetningu Michael Praetorius*

## Guðspjall

Prestur: Guðspjallið skrifaði guðspjallamaðurinn Lúkas. 2.1–14

Kór: Guði sé lof og dýrð fyrir sinn gleðilegan boðskap.

*En það bar til um þessar mundir að boð kom frá Ágústusi keisara, að skrásetja skyldi alla heimsbyggðina. Þetta var fyrsta skrásetningin og var gerð þá er Kýreníus var landstjóri á Sýrlandi. Fóru þá allir til að láta skrásetja sig, hver til sinnar borgar. Þá fór og Jósef úr Galíleu frá borginni Nasaret upp til Júdeu, til borgar Davíðs, sem heitir Betlehem, en hann var af ætt og kyni Davíðs, að láta skrásetja sig ásamt Maríu heitkonu sinni sem var þunguð. En meðan þau voru þar kom sá tími er hún skyldi verða léttari. Fæddi hún þá son sinn frumgetinn, vafði hann reifum og lagði hann í jötu af því að eigi var rúm fyrir þau í gistihúsi. En í sömu byggð voru hirðar úti í haga og gættu um nóttina hjarðar sinnar. Og engill Drottins stóð hjá þeim og dýrð Drottins ljómaði kringum þá. Þeir urðu mjög hræddir en engillinn sagði við þá: „Verið óhræddir, því, sjá, ég boða yður mikinn fögnuð sem veitast mun öllum lýðnum: Yður er í dag frelsari fæddur, sem er Kristur Drottinn, í borg Davíðs. Og hafið þetta til marks: Þér munuð finna ungbarn reifað og liggjandi í jötu.“ Og í sömu svipan var með englinum fjöldi himneskra hersveita sem lofuðu Guð og sögðu: Dýrð sé Guði í upphæðum og friður á jörðu og velþóknun Guðs yfir mönnum.*

## Sálmur

Sjá, himins opnast hlið,  
heilagt englalið,  
fylking sú hin fríða  
úr fagnaðarins sal,  
fer með boðun blíða  
og blessun lýsa skal  
yfir eymdadal.

Í heimi' er dimmt og hljótt,  
hjarðmenn sjá um nótt  
ljós í lofti glæðast,  
það ljós Guðs dýrðar er,  
hjörtu þeirra hræðast,  
en Herrans engill tér:  
„Óttist ekki þér.“

Með fegins fregn ég kem:  
Fæðst í Betlehem  
blessað barn það hefur,  
er birtir Guð á jörð,  
frið og frelsi gefur  
og fallna reisir hjörð.  
Þökk sé Guði gjörð.“

Já, þakka, sál mín, þú  
þakka' og lofsyng nú  
fæddum friðargjafa,  
því frelsari' er hann þinn,  
seg þú: „Hann skal hafa  
æ hjá mér bústað sinn,  
vinur velkominn.“

Ó, Guðs hinn sanni son,  
sigur, líf og von  
rís með þér og rætist,  
þú réttlætisins sól,  
allt mitt angur bætist,  
þú ert mitt ljós og skjól.  
Ég held glaður jól.

Á hæstri hátíð nú  
hjartafólgin trú  
honum fagni' og hneigi,  
af himni' er kominn er,  
sál og tunga segi  
með sælum englaher:  
„Dýrð sé, Drottinn, þér.“  
*Björn Halldórsson*

## Prédikun

### Betlehemstjarna

Lýsir af himni, lífsins bjarta stjarna  
leiðsögn sem aldrei í myrkrinu brást  
til hans, sem er yndi allra jarðarbarna.  
Enginn í heiminum göfugri sást.  
∴ Ástúðin er hann, inn í hjörtun fer hann.  
Umhyggju ber hann í brennandi ást. ∴∴

Vertu sem barnið bara fylgdu honum  
byrðum hann léttir af öllum sem þjást.  
Veitir þér huggun, hjartað fyllir vonum.  
Himinsins stjörnur í augunum sjást.  
∴ Ástúðin er hann inn í hjörtun fer hann.  
Umhyggju ber hann í brennandi ást. ∴∴

Lýs milda stjarna leiðir jarðar allar.  
Leys hverja deilu, er mennirnir kljást.  
Líknaðu þreyttum þegar degi hallar.  
Við þröskuldinn hinsta skal sigurinn nást.  
∴ Ástúðin er hann, inn í hjörtun fer hann.  
Umhyggju ber hann í brennandi ást. ∴∴  
*Áskell Jónsson - Úlfur Ragnarsson.*

### Sálmur

Í Betlehem er barn oss fætt.  
Því fagni gjörvöll Adams ætt.  
Hallelúja.

Þeir boða frelsi' og frið á jörð  
og blessun Drottins barnahjörð.  
Hallelúja.

Það barn oss fæddi fátæk mær.  
Hann er þó dýrðar Drottinn skær.  
Hallelúja.

Vér undir tökum englasöng,  
og nú finnst oss ei nóttin löng.  
Hallelúja.

Hann var í jötu lagður lágt,  
en ríkir þó á himnum hátt.  
Hallelúja.

Vér fögnum komu frelsarans,  
vér erum systkin orðin hans.  
Hallelúja.

Hann vegsömuðu vitringar,  
hann tigna himins herskarar.  
Hallelúja.

Hvert fátækt hreysi höll nú er,  
því Guð er sjálfur gestur hér.  
Hallelúja.

Í myrkrum ljómar lífsins sól,  
Þér, Guð, sé lof fyrir gleðileg jól.  
Hallelúja.

*Latn. sálmur frá 14. öld – Valdimar Briem*

## Bæn og faðir vor

### Exitus

Prestur: Að kveldi dags skuluð þér vita að Drottinn kemur.

Söfn.: Og að morgni skuluð þér sjá dýrðina Drottins.

Prestur: Lát mína bæn vera flutta fram fyrir þig sem reykelsi.

Söfn.: Og upplyfting minna handa sem kveldfórn.

Prestur: Önd mín lofar Drottin og minn andi gleður sig í Guði frelsara vorum.

Söfn.: Hallelúja, hallelúja, hallelúja.

### Blessun

Prestur: Þökkum Drottni og vegsömum hann.

Söfnuður: Drottni sé vegsemd og þakkargjörð.

Prestur: Drottinn blessi þig ... og gefi þér frið.

Söfnuður: Amen, amen, amen.

### Sálmur

Heims um ból helg eru jól,  
signuð mær son Guðs ól,  
frelsun mannanna, frelsisins lind,  
frumglæði ljóssins, en gjörvöll mannkind  
meinvill í myrkrunum lá.

Heimi í hátíð er ný,  
himneskt ljós lýsir ský,  
liggur í jötunni lávarður heims,  
lifandi brunnur hins andlega seims,  
konungur lífs vors og ljóss.

Heyra má himnum í frá  
englasöng: „Allelújá“.  
Friður á jörðu, því faðirinn er  
fús þeim að líkna, sem tilreiðir sér  
samastað syninum hjá.  
*Sveinbjörn Egilsson.*

### Eftirspil

Final, úr engelsinfóníu nr. 1 í D-dúr *Louis Vierne*